




SKN-16	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 3		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 16</b>		
<b>6. febrúar 2020</b>		

<b>Mættir:</b>	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Sigrún Júlía Ólafsdóttir fulltrúi nemenda, Guðríður Hrund áheyrnarfulltrúi.
<b>Forfallaðir:</b>	Guðný Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara
<b>Staður:</b>	<b>Fundarherbergi N-101</b>
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:00                      Dags.: 6. febrúar 2020</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	<p><b>Fjárhagur 2020</b> Flosi formaður skólanefndar setur fundinn kl. 12:03. Formaður leggur fyrir skólanefnd að í stað Gerðar fulltrúa kennara sitji Guðríður Hrund kennari fundinn. Skólanefndin samþykkir það.</p> <p>Fjárhagur MK 2020 hefur verið margræddur á fyrri skólanefndarfundum en hér verður fjárhagsáætlun ársins 2020 lögð fyrir skólanefnd með formlegum hætti til samþykktar. Reksturinn á árinu 2019 stefnir í 28 milljón króna halla. Áætlunin fyrir árið 2020 byggði á útkomuspánni fyrir árið 2019 eins og hún leit út í nóvember 2019.</p> <p>Ástæður hallans eru ýmsar. Nettó framlög til rekstrar lækka um rúm 4% vegna áætlunar um lægri nemenda fjölda. Tveir kennarar munu fara á eftirlaun á árinu. Þá mun skólinn þurfa að skera verulega niður í yfirvinnu kennara. Enn fremur er gert ráð fyrir að fækka þurfi í starfsliði skólans um fjögur stöðugildi.</p> <p>MK fékk heimild hjá Fjársýslunni til að færa uppsafnað eigið fé milli ára til að mæta hallanum. Skólinn mun því ganga á eigið fé að fjárhæð 40 milljóna króna.</p> <p>Guðríður leggur til að Ferðamálastjólinn verði lagður niður. Við þá aðgerð myndu sparast 19 milljónir. Ferðamálastjólinn kallar á tvö og hálf stöðugildi sem yrðu endurskipulögð innan skólans. Þeir kennarar myndu því ekki endilega missa vinnuna.</p> <p>Formaður leggur fjárhagsáætlun fyrir skólanefnd fyrir árið 2020 sem hefur verið margkynnt og send til ráðuneytisins. Hún</p>	<p><b>FE</b></p> <p><b>GEA</b></p>	<p><b>30 sek.</b></p> <p><b>20 mín.</b></p>

SKN-16	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 3		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 16</b>		
<b>6. febrúar 2020</b>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	er samþykkt með öllum gildum atkvæðum.		
<b>2.</b>	<b>Ferðamálastjórnun</b>	<b>GEA</b>	<b>8 mín.</b>
	<p>Hæfnisetur ferðapjónustunnar hefur haft samband við MK um að skólinn hafi hér nám sem geti leitt til réttinda, bæði stúdentsprófs og iðnprófs. Það samtal er hins vegar enn á byrjunarstigi og er ennþá óskrifað blað.</p> <p>Skólanefndin bókar að hún samþykkir að undangengnum yfirgripsmiklum umræðum og upplýsingum að leggja niður Ferðamálastjórnun Íslands í núverandi mynd og veitir skólameistara umboð til að framfylgja þeirri samþykkt.</p>		
<b>3.</b>	<b>Stefnumótun vorsins fyrir næsta skólaár</b>	<b>FE</b>	<b>13 mín.</b>
	<p>Stjórnendur bóknáms höfðu vinnufund í síðustu viku þar sem þau rýndu núverandi námskrá, brautarlýsingar og námsframboð. Ástæða þess var að skólinn getur ekki haldið úti núverandi framboði á áföngum vegna ónógs fjárstyrks frá ríkinu. Kennarar hafa verið mjög hugsari yfir Opnu brautinni. Hún býður upp á mikið val en skilar lítilli sérhæfingu. Verkefni vinnufundarins var því að kanna hvernig hægt er að þjappa náminu saman og leiðbeina nemendum betur.</p> <p>Samþykkt var að 25 einingar á fyrsta ári tilheyri því verkefni að byggja upp nemendur, þ.e. áfanga um næringu og heilsu (líkamlega- og andlega), fjölmenningu og umburðarlyndi, umhverfisfræði þannig að þeir sem útskrifast úr MK séu meðvitaðir um umhverfismál, tölvunotkun, 20 aldar sögu og fjármál þar sem nemendur læra á öll þessi helstu forrit með áherslu á excel. Þá vilja íslenskukennarar semja málstefnu fyrir skólann til að efla íslensku kunnáttu og málfar.</p>		
<b>4.</b>	<b>Önnur mál</b>	<b>FE</b>	<b>10 mín.</b>
	Haldið var þing hjá ófaglærðu fólki í matvælaíðnaðinum á Norðurlöndunum hér á landi síðustu helgi á Hótel Natura. Fundarmeðlimir komu í MK til að sjá		

SKN-16	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 3 af 3		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 16</b>		
<b>6. febrúar 2020</b>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	kennsluáðstæður og fengu mat sem eldaður var af matreiðslukennurunum. Maturinn var alveg frábær og gestir voru mjög ánægðir. Formaðurinn var beðinn að skila hrósi fyrir það.		
5.	<b>Fundi slitið:</b> Formaður sleit fundi kl.12:51		

*Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir*